



Umgengni barna við foreldra sína eftir skilnað/sambúðarslit

Linda Rós Jóhannesdóttir

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umgengni barna við foreldra sína eftir skilnað/sambúðarslit

Linda Rós Jóhannesdóttir
061184-2609

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarkennari: Anni G. Haugen

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Linda Rós Jóhannesdóttir 2011

Prentun: Prentsmiðja Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Markmiðið með þessari ritgerð er að skoða hvernig umgengni barna við foreldra sína eftir skilnað eða sambúðarslit sé best háttað. Samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 hefur barn rétt á því að umgangast báða foreldra sína. Sýslumanni í umgengnismálum ber að ákvarða og úrskurða það sem hann telur best henta barni hverju sinni. Þessi tvö atriði geta stangast á, þar sem umgengni beggja foreldra er ekki alltaf æskileg. Í ritgerðinni verður leitast við að svara tveimur spurningum:

1. Hvernig er umgengni barna við foreldra sína best háttað eftir skilnað?
2. Hvaða þættir skipta máli þegar umgengni barna við foreldra sína er ákvörðuð eftir skilnað eða sambúðarslit þeirra?

Til að svara þessum spurningum voru skoðaðar bæði íslenskar og erlendar rannsóknir til að sýna fram á mikilvægi tengsla barns við foreldra sína auk mismunandi fyrirkomulags á umgengni. Þá voru skoðaðar rannsóknir til að varpa ljósi á það hvort að hagsmunir barns séu ekki er alltaf hafðir að leiðarljósi þegar ákvarðað er um umgengni. Helstu niðurstöður eru þær að ekki skipti öllu máli hvernig umgengni er háttað og auk þess hefur ekki verið sýnt fram á það að ákveðin umgengni sé betri en önnur. Þó að rúm umgengni við báða foreldra sé mikilvæg og það að báðir foreldrar taki virkan þátt í lífi barns, þá er fyrst og fremst mælt með góðri samvinnu foreldra og jákvæðum samskiptum, ásamt því að umgengnin sé ekki skaðleg á neinn hátt fyrir barnið. Jöfn búseta hefur lítið verið rannsökuð sem og það hvort umgengnisrétti sé beitt sem rétti foreldra eða barns þegar verið er að dæma um umgengni

Þakkarorð

Ég vil nota tækifærið og þakka kennara og umsjónarmanni mínum, Anni Guðný Haugen, lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, fyrir leiðsögn og ábendingar við gerð þessarar BA-ritgerðar. Auk þess vil ég koma á framfæri þökkum til fjölskyldu minnar, þá sérstaklega til Jóhönnu Jóhannesdóttur og Gylfa B. Sigurjónssonar, fyrir ómetanlegan stuðning á meðan vinnu við verkefnið stóð.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
1. Inngangur.....	4
2. Forsjá og umgengni.....	5
3. Mikilvægi umgengni barns við báða foreldra	7
3.1.Geðtengsl.....	7
3.2.Kenning um móðurafrækslu	8
3.3 Föðurhlutverk	9
3.3.1 Mikilvægi umgengni föður.....	10
3.4 Samvinnuþýðir foreldrar, þeir bestu	11
4. Lagalegt umhverfi í umgengnismálum	12
4.1 Grundvallaréttur	12
4.2.Samningar um umgengni.....	13
4.3. Ágreiningur um umgengni	14
4.4 Sjónarmið við úrlausn ágreinings	15
4.5.Ísland og Norðurlönd	16
5. Umgengnishættir á Íslandi.....	18
5.1. Tölfræði.....	19
5.2 Jöfn búseta.....	19
6. Hvenær er umgengni ekki æskileg?.....	22
6.1.Úrræði í boði.....	22
6.2. Áhrif heimilisofbeldi á ákvarðanir í umgengnismálum.....	23
7. Ágreiningur foreldra	25
7.1.Sáttameðferð	26
7.2. Félaga- og hagsmunasamtök	28
8. Félagsráðgjafar	28
9. Lokaorð	30
Heimildaskrá	33

1. Inngangur

Vegna hárrar skilnaðartíðni hefur fjöldi barna ekki tækifæri til daglegrar umgengni við báða foreldra sína. Þegar foreldrar hafa ákveðið að slíta samvistum, þá þarf að huga að umgengni barns við það foreldri sem það býr ekki hjá. Samkvæmt lögum er umgengni fyrst og fremst réttur barns og ávallt skal hafa í huga þarfir og hagsmuni barnsins. Hér fyrir neðan verður leitast við að svara tveimur meginspurningum: Hvernig er umgengni barna eftir skilnað best háttað og hvaða þættir skipta máli þegar umgengni barns við foreldra sína er ákvörðuð eftir skilnað eða sambúðarslit þeirra?

Margar rannsóknir sýna fram á það að barn sem er í reglulegum samskiptum við báða foreldra njóti meira tilfinningalegs og félagslegs öryggis. Þó eru dæmi um að umgengni barns við báða foreldra sé ekki alltaf best fyrir barnið. Í þeim tilvikum getur umgengni barns við foreldri reynst skaðleg og því er mikilvægt að hvert og eitt umgengnismál sé metið og það alltaf haft að leiðarljósi hvað sé barninu fyrir bestu. Þættir sem ákvarða umgengni geta verið margvíslegir. Meðal annars skiptir aldur barns, tengsl barns við foreldra og ágreiningur foreldra miklu máli.

Þegar samskipti og samvinna á milli foreldra eru góð, þá er auðveldara að komast að niðurstöðu um það hvað sé barni fyrir bestu, það er að segja að ágreiningur foreldra víki fyrir hagsmunum barnsins.

2. Forsjá og umgengni

Meginreglan í dag er sú að foreldrar fara áfram með sameiginlega forsjá eftir skilnað (Barnalög nr. 76/2003), en þó eru tvær meginforsendur fyrir sameiginlegri forsjá hér á Íslandi. Annars vegar þurfa foreldrar að vera sammála um það að hafa sameiginlega forsjá og hins vegar þurfa þeir að ákveða í sameiningu hvar barnið á lögheimili og hvernig umgengni barns verði háttað við það foreldri sem það mun ekki búa hjá (Barnalög nr. 76/2003; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

Árið 1981 voru sett barnalög sem mörkuðu viss tímamót í sögu forsjár- og umgengnismála. Þar má helst nefna þrjár breytingar. Sú fyrsta var sú að þótt feðrunarreglan gildi enn um skilgetin eða óskilgetin börn, þá var reynt að draga sem mest úr muninum á réttarstöðu þeirra (Davíð Þór Björgvinsson, 1995). Feðrunarreglan er samkvæmt 2. gr. og 6. gr. barnalaga sjálfkrafa faðerni. Það er að segja að eiginmaður, eða maður sem eru í lýstri sambúð með móður, er sjálfkrafa talin faðir barns við fæðingu (Barnalög nr. 76/2003). Í öðru lagi varð sú breyting að áhersla var lögð á réttarstöðu barns og þá meginhugmynd að barnalögin ættu fyrst og fremst að tryggja hag og réttindi barna. Í framhaldi af því var hugtakið „foreldravald“ tekið út og þess í stað kom hugtakið „forsjá“ (Davíð Þór Björgvinsson, 1995). Hugtakið forsjá felur í sér rétt og skyldu foreldra til þess að taka ákvarðanir um persónuleg málefni barns. Foreldrar þurfa að vernda barn sitt, sýna því virðingu og umhyggju. Ef barn hefur aldur og þroska til, eiga foreldrar að hafa barnið með í ráðum þegar kemur að málefnum þess (Barnalög nr. 76/2003). Hagir foreldra voru látnir víkja fyrir þörfum barnsins og þar með voru réttindi þess orðin meiri en áður hafði þekkt í lögum. Í þriðja lagi var staða móður og föður jöfnuð í forsjármálum. Sameiginleg forsjá felur í sér að foreldrar eigi að taka allar meiriháttar ákvarðanir í sameiningu (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009) Umgengnisréttur var settur á til þess að styrkja samband á milli föður og barns sem var í forsjá móður (Davíð Þór Björgvinsson, 1995).

Eftir 1970 var lögð mikil áhersla á það að báðir foreldrar kæmu að uppeldi barns og öll Norðurlönd lögleiddu sameiginlega forsjá. Svíar voru fyrstir til þess árið 1976 en Íslands ekki fyrr en árið 1992 (Guðný Björk Eydal, 2006). Í barnalögum nr.

20/1992 var gengið út frá því að sameiginleg forsjá grundvallaðist á samstarfi og samvinnu foreldra, þó var ekki möguleiki á því að úrskurða í ágreiningsmálum foreldra, til dæmis um umgengni og meðlag. Í núgildandi barnalögum nr. 76/2003 var ákveðið að styrkja sameiginlega forsjá foreldra með því að gera þeim kleift að krefjast úrskurðar sýslumanns í ágreiningsmálum um umgengni og meðlag. Nefnd sem skipuð var af dóms- og kirkjumálaráðherra lagði fram drög af frumvarpi til breytinga á barnalögum þann 22. desember 2008. Þann 9. nóvember 2009 skipaði síðan félags- og tryggingarmálaráðherra nefnd til þess að fjalla stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og réttarstöðu barna þeirra. Nefndin gerði í framhaldi af því tillögur um hugsanlegar úrbætur í málefnum þeirra á grundvelli löggjafar og/eða tiltekinna aðgerða. Markmið þessara tveggja nefnda var að meta hvort barnalögin, sem eru nú í gildi, tryggji hagsmuni sem lögunum er einkum ætlað að standa vörð um og hvort barnalögin taki nægilegt tillit til mismunandi aðstæðna fjölskyldna og þeirrar þróunar sem orðið hefur í samfélaginu (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009; Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008).

Margir halda að þegar foreldrar hafi sameiginlegt forræði eftir skilnað eða sambúðarslit búi barn jafnt hjá báðum foreldrum. En svo þarf ekki að vera. Foreldrar þurfa sjálfir að koma sér saman um umgengni við barn og ef samkomulag næst ekki, þá verður sýslumaður að úrskurða um það hvernig umgengni skuli háttað. Gengið er út frá því í dag að barn hafi fasta búsetu hjá öðru foreldri og njóti reglulegrar umgengni við hitt (Barnalög nr. 76/2003). Í drögum að frumvarpi til barnalaga er lagt fram að það foreldri sem nýtur umgengni tekur allar nauðsynlegar ákvarðanir um daglegt líf barnsins á meðan umgengni er. Einnig ber því foreldri sem barnið hefur fasta búsetu hjá koma öllum nauðsynlegum upplýsingum til hins foreldrisins til þess að umgengni þjóni hag og þörfum barnsins (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008).

Umgengni er ætlað að tryggja að barn fái að halda sambandi og umgangast það foreldri sem það býr ekki hjá, hvort sem það foreldri er með sameiginlega forsjá eða er forsjárlaust. Með umgengni er átt við samveru og önnur samskipti. Foreldri sem ekki hefur fasta búsetu barns hefur einnig rétt til þess að fá að umgangast

barn sitt og ber einnig skylda til þess að sinna umgengni við barn sitt (Barnalög nr. 76/2003).

3. Mikilvægi umgengni barns við báða foreldra

Niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á það að ef að báðir foreldrar mynda nán tengsl við barn sitt og taka virkan þátt í uppeldinu, þá er barninu best borgið tilfinningalega. Þeir foreldrar sem eru samhentir og hafa sameiginlega umsjá með barni sínu, hafa jákvæð áhrif á þroska og aðlögun þess (Gable, Crnic og Belsky, 1994).

3.1. Geðtengsl

Hugtakið geðtengsl kom fyrst til sögunnar í rannsóknum John Bowlby þegar hann rannsakaði börn á stofnunum. Samkvæmt Bowlby eru geðtengsl fyrstu félagslegu böndin sem barn myndar við einn aðila og þá yfirleitt við annan uppalanda. Kenning Bowlby byggir á mikilvægi þessara tengsla og að þessi tengsl séu grundvallaratriði fyrir mótun samskipta barns við fullorðna og önnur börn á ævinni (Bowlby, 1988). Tengslakenningin hefur haft mikil áhrif og fjölmargir rannsakendur hafa rannsakað þessi tengsl. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að þau börn sem náð hafa að mynda sterk tengsl við umönnunaraðila í æsku eiga auðveldara með vina- og ástarsambönd (Bartholomew, 1993).

Í kenningu Bowlby kemur fram að barn tengist yfirleitt einum aðila (yfirleitt umönnunaraðila) sterkum tengslum fyrstu árin og að mismunandi viðbrögð frá umönnunaraðila kalla á mismunandi hegðun eða tengslamyndun barns. Barnið leitar þá til þess aðila eftir huggun og finnur til öryggis í návist þeirrar manneskju. Þau börn sem mynda þessi sterku tengsl eru ófeimnari við það að kynna sér nýja hluti eða ný svæði en jafnframt verða þau kvíðin ef umönnunaraðilinn fer frá þeim (Bartholomew, 1993).

Bowlby skipti geðtengslamyndun eftir aldri. Hann taldi að börn undir þriggja mánaða aldri gætu ekki myndað geðtengsl og sýndu þess engin merki. Eftir þriggja mánaða aldur vildu börn frekar umgangast og eiga samskipti við uppalendur sína

en annað fólk. Fyrir þriggja ára aldur mynduðu börn geðtengsl við uppalandur sína ef engar meiriháttar breytingar kæmu til (Bowlby, 1988).

Í geðtengslarannsóknum er skoðað hversu vel umönnunaraðilar svara hegðun hjá börnum. Öllu máli skiptir hversu næmir þeir eru og leiknir í því að „lesa“ börnin rétt. Geðtengslarannsóknir eru einnig gerðar til þess að sjá hvernig börn bregðast við í ókunnum aðstæðum. Geðtengslarannsóknir fara fram þegar börn eru á aldrinum 10-24 mánaða. Meðal annars hafa verið gerðar rannsóknir sem felast í því að ókunnugur maður gengur inn í herbergi þar sem barn og foreldri eru. Foreldri gengur svo út úr herberginu í stutta stund.

Í slíkum rannsóknum telja menn sig hafa séð ákveðið geðtengslamynstur. Í fyrsta lagi eru það *traust geðtengsl*, þar sem barn er öruggt hjá foreldri sínu og skynjar það sem *örugga höfn* og er viljugt til þess að kanna umhverfi sitt. Það sýnir ókunnuga manninum engan ótta á meðan foreldrið er á staðnum. Um leið og það finnur fyrir óöryggi fer það beint til foreldris síns og verður þá strax öruggt aftur. Þegar slíkt gerist hefur foreldri verið næmt á viðbrögð barnsins og brugðist rétt við. Í öðru lagi eru *flóttaleg tengsl* en þá sýnir barn engin sérstök viðbrögð þegar foreldri fer. Barnið hefur þá ekki trú á aðstoð frá foreldri og sýnir foreldrinu engan áhuga þegar það kemur til baka. Þetta getur til dæmis átt við ef móðir hefur verið óþolinmóð gagnvart barninu eða áhugalítill. Í þriðja lagi eru það *mótþróageðtengsl* en þá virðist barnið ekki skynja örugga höfn hjá foreldrinu. Barnið heldur sig ekki í návist foreldris, hvorki eftir að ókunnugi maðurinn kemur inn né eftir að foreldri kemur aftur. Barnið virðist sýna umhverfinu lítinn áhuga (Lamb, 2000a).

3.2. Kenning um móðurafrækslu

Árið 1951 sendi Bowlby Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) skýrslu um uppeldismál. Skýrslan var gefin út undir nafninu *Maternal care and mental health*. Í þessari skýrslu hélt Bowlby því fram að „móðurást væri jafn mikilvæg andlegri heilsu barna og vítamín eru líkamlegri heilsu“ (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007, bls. 329).

Móðurafræksla er það kallað þegar barn hefur ekki náð eða órofið samband við móður eða staðgengil móður. Bowlby var þeirra skoðunar að góð umönnum

móður í frumbersku myndi stuðla að góðri geðheilsu en slæm umönnun myndi auka líkur á varanlegum geðheilsubresti. Þannig var því litið á það sem svo að samband móður og barns væri það mikilvægasta fyrir persónuleikaþroska barnsins. Samkvæmt móðurafrækslukeningunni eru fimm fyrstu árin þau ár sem allur annar þroski byggist á og mikilvægt sé að undirstaðan sé góð, því litlu sé hægt að breyta að þeim tíma liðnum. Samband móður og barns þurfi ekki aðeins að vera ástríkt og órofið til þess að móðurumhyggjan geti talist fullnægjandi, heldur þurfi sambandið að leiða til gagnkvæmra og örvandi geðtengsla (Bowlby, 1953). Sú megináhersla sem Bowlby vildi koma á framfæri með móðurafrækslukeningunni var sú að aðskilnaður foreldra í bernsku ylli varanlegum skaða á tilfinningalífi og persónuleika barns.

Sú gagnrýni kom meðal annars fram á kenninguna að það hefðu verið mistök hjá Bowlby að leggja svo mikla áherslu á móðurina. Móðurafrækslukeningin er að mörgu leyti barn síns tíma, því hún var sett fram á þeim tímum þegar mæður voru oftast einar um uppeldi barna sinna. Í dag er talið sjálfsagt að uppeldi barna sé á hendi beggja foreldra og feður eru taldir gegna mikilvægu hlutverki í mótun barna sinna, barninu í hag (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007).

3.3 Föðurhlutverk

Því er stundum haldið fram að feður séu ekki í stakk búnir til þess að annast ungabörn og ástæðan fyrir því sé sú að þeir nái ekki að mynda geðtengsl við barnið og tengjast því tilfinningaböndum. Niðurstöður rannsókna styðja ekki þetta viðhorf og hafa sýnt fram á að feður séu fullfærir um það að annast börn og sýna þeim umhyggju og ástúð (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007).

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvort mæður séu hæfari í foreldrahlutverkið en feður og niðurstöðum ber saman um það að ekki sé hægt að alhæfa á þann hátt. Foreldrahlutverkið lærist með því að vera foreldri. Þar sem mæður annast ungbörnin mikið fyrst vegna brjóstgjafar, þá fá þær lengri æfingartíma en feðurnir og eru því næmari á þarfir barna sinna en þeir (Lamb, 2000b). Sálfræðingarnir Ross D. Parke og Douglas B. Swan gerðu athugun á hegðun feðra, þar sem þeim var leyft að dvelja hjá nýfæddum börnum sínum og móðurinni

á sjúkrahúsinu. Athugun þeirra sýndi að feðurnir voru jafn áhugsamir og mæðurnar um nýfædda barnið. Athugun sýndi fram á það að feðurnir tóku barnið oftast upp en mæðurnar, en mæðurnar brostu meira til barna sinna (Aldís Unnur Guðmundsdóttir, 2007).

3.3.1 Mikilvægi umgengni föður

Flest börn búa hjá mæðrum sínum eftir skilnað og fara svo aðra hverja helgi til feðra sinna (Ársæll Már Arnarsson, 2008). Niðurstöður erlendra rannsókna benda til þess að umgengni við það foreldri sem barnið hefur ekki fasta búsetu hjá, yfirleitt föður, eigi ekki að byggjast á samveru aðra hverja helgi, heldur á góðum, reglulegum og fjölbreytilegum samvistum (Kelly, 2007). Með umgengni aðeins um helgar getur samband á milli föður og barns rofnað með tímanum (Ársæll Már Arnarsson, 2008). Samverustundir geta þó reynst barninu erfiðar ef faðir hefur ekki löngun eða tíma til þess að vera með barninu. Til dæmis ef honum gengur það eitt til að umgangast barn sitt til þess að sleppa við þvingunaraðgerðir (Norges offentlige utredninger, 2008). Það sem skiptir máli er að faðirinn taki þátt í daglegu lífi barnsins, námi, sýni því stuðning og axli sameiginlega ábyrgð með móðurinni þegar upp koma vandamál (Kelly, 2007; Smyth, 2004). Ef barn býr við slíkan stöðugleika, þá getur hvaða fyrirkomulag sem er verið gott (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Hins vegar getur samband á milli foreldra orðið verra ef öðru foreldrinu finnst það vera þvingað til umgengni og getur það komið fram í því að viðkomandi er ósamvinnufús, á meðan því foreldri sem býr með barninu, finnst eins og hitt foreldrið skilji ekki hvað það sé mikilvægt fyrir barnið að standa við það sem búið var að ákveða (Norges offentlige utredninger, 2008).

Fabricius (2003) komst að því í rannsókn sinni á háskólanemum að flestum börnum, bæði stelpum og stráku, fannst slæmt hve umgengni við föður var lítil og að flest þeirra hefðu viljað eyða meiri tíma með föður sínum. Með þátttöku í daglegu lífi barnsins nær faðirinn að byggja upp gott tilfinningalegt samband við það (Kelly, 2007).

Bent hefur verið á að ef lítil sem engin tengsl eða umgengni er við föður eftir skilnað, þá getur það valdið erfiðum tilfinningum hjá börnum. Þeim er hættara við

að finna fyrir höfnunartilfinningu, söknuði, sorg, reiði og jafnvel þunglyndi. Börn geta einnig átt í erfiðleikum með nám og félagsskap (Kelly, 2007; Benedikt Jóhannsson, 2004). Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að börn sem búa aðeins hjá öðru foreldri eru líklegri til þess að vera með áhættuhegðun, að verða fórnalömb og eiga við andlega erfiðleika að stríða. Þetta kemur meðal annars til af minna eftirliti með þeim börnum, þau búa oft við skertari fjárhag og skort á tengslum við það foreldri sem það býr ekki hjá (Ársæll Már Arnarsson, 2008). Regluleg umgengni við föður skapar vellíðan, jákvæðari sjálfsmynd, betri hegðun og betri námsárangur (Kelly, 2007; Benedikt Jóhannsson, 2004).

Í þeim tilvikum sem börn búa hjá föður sínum halda mæður yfirleitt góðum tengslum við börn sín og afar sjaldgæft er að börn missi alveg tengslin við móður sína eftir skilnað (Benedikt Jóhannsson, 2004).

3.4 Samvinnuþýðir foreldrar, þeir bestu

Niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á mikilvægi tengslamyndunnar foreldra við barn sitt. Báðir foreldrar þurfa að fá tækifæri til þess að hafa jákvæð áhrif á barnið á uppvaxtarárunum og vinna að því á samhentan hátt. (Gable, Crnic og Belsky, 1994).

Flestir hafa skoðun á því hvernig foreldrahlutverkið eigi að vera og margir hafa skoðun á því hvernig foreldrahlutverkið eftir skilnað eigi að vera (Shaffer, 2007). Ekki er hægt að fullyrða að ein leið sé betri en önnur þegar umgengni er ákvörðuð eftir skilnað. Niðurstöður rannsókna hafa bent á að þegar báðir foreldrar eru hluti af lífi barns og veita því jafnmikinn stuðning, þá verða vandamál barnsins ekki öðruvísi eða frábrugðin þeim sem eru hjá börnum sem búa hjá báðum foreldrum (Kelly, 2007). Hins vegar er það ekki alltaf barninu í hag þó báðir foreldrar séu til staðar. Rannsóknir hafa sýnt að eitt af því sem hefur hvað mest áhrif á börn eftir skilnað er ágreiningur á milli foreldra. Ef lítil sem enginn samvinna og mikill ágreiningur ríkir á milli foreldra, þá eiga börn erfiðara með að aðlagast þeim breytingum sem fylgja skilnaði (Shaffer, 2007). Margar erlendar rannsóknir varpa ljósi á það að komið er til móts við þarfir barns þegar það getur haldið áfram að umgangast báða foreldra sína eftir skilnað og þegar foreldrarnir geta haft

samvinnu um það hvað sé barninu fyrir bestu (Smyth, 2004). Þegar foreldri á erfitt með að sætta sig við skilnað og lendir í miklum ágreiningi við hitt foreldrið getur það upplifað sálfræði-, félags- og fjárhagslega erfiðleika. Í slíkum erfiðleikum eiga foreldrar oft erfitt með sinna foreldrahlutverkinu (Shaffer, 2007).

Umgengni barns við það foreldri sem það hefur ekki fasta búsetu hjá er misjafnlega háttáð (Kelly, 2007; Benedikt Jóhannsson, 2004; Smyth, 2004). Þegar samvinna á milli foreldra er góð og foreldrar hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi getur hvaða fyrirkomulag sem er um umgengni virkað (Shaffer, 2007).

4. Lagalegt umhverfi í umgengnismálum

Börn eru háð tilfinningalegri kjölfestu foreldra sinna, hvort sem það er innan eða utan sambúðar eða hjónabands. Ást, umhyggja, stöðugleiki og athygli eru á meðal þeirra grundvallaratriða sem eru nauðsynleg til þess að uppfylla þarfir barns. Aðrir aðstandendur skipta líka miklu máli, eins og amma og afi. Stjórnvöld bera einnig ábyrgð gagnvart börnum. Fagfólki sem vinnur með börnum ber að vernda þau og hafa hagsmuni þeirra í fyrirrúmi. Þetta er meginboðskapur samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005).

4.1 Grundvallaréttur

Eins og áður hefur verið komið fram, þá er meginreglan sú að foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns eftir sambúðarslit eða hjónaskilnað. Í 29. gr. núverandi barnalaga kemur það fram að ef foreldrar eru hvorki skráðir í hjúskap eða í sambúð, þá fer móðirin ein með forsjá barns. Ef upp kemur ágreiningur um forsjá barns eftir sambúðarslit eða hjónaskilnað, skal sýslumaður, samkvæmt 32. gr. barnalaga, bjóða foreldrum sáttarráðgjöf. Með slíkri ráðgjöf er reynt að finna þá lausn á málinu sem talin er barninu fyrir bestu. Ef ekki tekst að finna lausn með þessum hætti, þá tekur dómari ákvörðun um forsjá barns. Dómari getur ekki dæmt sameiginlega forsjá líkt og gerist annars staðar á Norðurlöndum (Barnalög nr. 76/2003 ; Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna og mannréttindasáttmála Evrópu nýtur umgengnisréttur sérstakrar verndar. Í 46. gr. nógildandi barnalaga og

9. gr. barnasáttmálans kemur það fram að umgengnisréttur felur fyrst og fremst í sér rétt barns til reglubundinna samvista við það foreldri sem barnið býr ekki hjá (Barnalög nr. 76/2003). „Réttur til umgengni og umfang hennar er óháð því hvort foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns eða forsjáin er í höndum annars foreldris“ (Hrefna Friðriksdóttir, 2009, bls. 479).

Ekki er skilgreint í lögum hvernig umgengni eigi að vera háttað eða hversu mikil hún eigi að vera. Þar er þó kveðið á um það að hafa eigi í fyrirrúmi hvað sé barninu fyrir bestu hverju sinni. Ákveðin grundvallarsjónarmið hafa þó verið höfð að leiðarljósi og myndast hefur viss hefð um lágmarks Umgengni. Í stórum dráttum er talið æskilegt að barn dveljist hjá því foreldri sem það býr ekki hjá um aðra hverja helgi, nokkra daga um jól, áramót og páska og hluta af sumarleyfinu (Hrefna Friðriksdóttir, 2009; Þyri Halla Steingrímisdóttir, 2004).

Í drögum að frumvarpi til nýrra barnalaga koma fram reglur um þann kostnað sem Umgengnisforeldri þarf að standa fyrir. Núverandi meginregla er sú að Umgengnisforeldri beri að greiða tilfallandi kostnað vegna Umgengninnar. Í drögum að frumvarpinu er gert ráð fyrir því að foreldrarnir skipti þeim kostnaði á milli sín nema samið sé um annað (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008). Sú skylda hvílir hjá því foreldri sem barnið býr hjá að sjá til þess að barnið njóti Umgengni við hitt foreldrið, ef það er ekki talið andstætt hag og þörfum barnsins (Barnalög nr. 76/2003; Hrefna Friðriksdóttir, 2009; Þyri Halla Steingrímisdóttir, 2004).

4.2. Samningar um Umgengni

Ekki er skylda að gera samninga um Umgengni en það er þó ekki heldur bannað (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Samningar um Umgengni eru eigi að síður gildir án þess að fá staðfestingu hjá sýslumanni. Því geta foreldrar samið um Umgengni eftir því hvernig það hentar þörfum barnsins hverju sinni (Hrefna Friðriksdóttir, 2009). Margir foreldrar koma sér upp ákveðnum ramma sem þeir styðjast við, oft á tíðum með aðstoð frá fagfólki en líka ein og sér (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Samkvæmt 46. gr. barnalaga geta foreldrar óskað eftir staðfestingu sýslumanns. Sýslumaðurinn getur þá leiðbeint foreldrum eða farið yfir samninginn. Sýslumaðurinn getur neitað að staðfesta

samninginn ef hann telur hann ekki þjóna hagsmunum barnsins. Ef sýslumaður staðfestir samninginn hefur samningurinn þá þýðingu að ef annað foreldrið fer ekki eftir samningnum, þá getur sýslumaður beitt ákveðnum þvingunarúrræðum sem verður rætt um nánar hér á eftir (Hrefna Friðriksdóttir, 2009).

4.3. Ágreiningur um umgengni

Ef foreldrar koma sé ekki saman um umgengni er hægt að leita úrskurðar sýslumanns, samkvæmt 47. gr. barnalaga. Sýslumaðurinn byggir fyrst og fremst á því hvað sé barni fyrir bestu. Umgengni á að gegna því hlutverki að viðhalda þeim tengslum sem eru til staðar á milli foreldra og barns. Ef báðir foreldrar hafa annast barnið fram að þeim tíma sem þau skildu og mikil tengsl eru á milli barns og foreldris, þarf umgengnin að vera regluleg til þess að viðhalda þeim tengslum (Þyrí Halla Guðmundsdóttir, 2004).

Í flestum ágreiningsmálum sem snúa að umgengni er það sýslumaður sem úrskurðar en dómstólar geta dæmt um umgengni ef forsjármál er þegar fyrir dómstólum. Rætt hefur verið um að bæta þessa málsmeðferð. Ein tillaga nefndarinnar frá Félags- og tryggingamálaráðuneytinu var að opna fyrir heimild foreldra til þess að reka mál fyrir dómstólum sem eingöngu snúast um umgengni. Tillögur nefndanna tveggja taka til þess að dómarrar eða sýslumenn fái heimild til þess að dæma umgengni í sjö daga af fjórtán (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009; Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008). Ekki hefur verið talið rétt að úrskurða jafna umgengi, sjö daga af fjórtán, þegar lögheimili barns er eingöngu hægt að hafa hjá öðru foreldri og þar að leiðandi föst búseta. Eins og áður hefur komið fram geta foreldrar ákveðið jafna umgengni sem sýslumaður getur síðan staðfest (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

Meginsjónarmiðið er að rúm umgengni við báða foreldra sé barninu fyrir bestu og mikilvægt sé að úrskurðaraðili hafi frjálsar hendur til þess að velja það fyrirkomulag sem hentar hverju barni fyrir sig (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009). „Þá hefur verið bent á að jöfn umgengni verði að grundvallast á góðu samstarfi og samvinnu foreldra, annars þjóni hún ekki hagsmunum barnsins og því

varhugavert að dæma slíkt gegn vilja annars“ (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009, bls. 26).

4.4 Sjónarmið við úrlausn ágreinings

Fagfólk og fræðimenn hafa ekki verið sammála þegar kemur að skipulagi á umgengni barns eftir skilnað. Það eru meðal annars tvö atriði sem skipta miklu máli eftir skilnað til þess að mæta þörfum barnsins. Annars vegar „er börnum fyrir bestu að viðhalda þeim fjölskyldutengslum sem voru mikilvæg í lífi þeirra fyrir skilnaðinn“ og hins vegar „er börnum fyrir bestu að tengsl foreldra þeirra einkennist af gagnkvæmum stuðningi annars við hitt og góðri samvinnu þeirra á milli, hvort heldur þau eru gift eða skilin“ (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000, bls. 29).

Sýslumaður þarf ávallt að leitast við að finna þau úrræði sem eru barninu fyrir bestu þegar hann ákveður umgengi. Meginreglan er sú að sýslumaður notist við þau gögn sem fyrir hendi eru og/eða gögn sem er aflað sérstaklega til þess að leysa úr máli. Samkvæmt 72. gr. barnalaga ber aðilum máls að afla þeirra gagna sem sýslumaður telur þörf á. Einnig getur hann, ef hagsmunir barns krefjast þess, leitað umsagnar barnaverndarnefndar (Hrefna Friðriksdóttir, 2009). Einnig getur sýslumaður, samkvæmt 10. gr. stjórnarsýslulaga, aflað gagna að eigin frumkvæði ef þörf er á. Samkvæmt 10. gr. stjórnarsýslulaga skal sýslumaður vera nægilega upplýstur um málið áður en ákvörðun er tekin. Þegar ákvörðun er tekin skal taka tillit til tengsla barns við umgengnisforeldri, hvernig umgengninni var háttað áður en ágreiningur átti sér stað, búsetu foreldra, sérþarfa barns og aldurs og ekki síst vilja barns (Barnalög nr. 76/2003; Hrefna Friðriksdóttir, 2009). Ef það foreldri sem barn býr hjá óskar eftir því að umgengni við hitt foreldrið verði takmörkuð eða bönnuð, þá verður það foreldri að koma með viðhlítandi rök og sýna fram á aðstæður sem réttlæta slíkt (Elísabet Gísladóttir, 2009).

Samkvæmt 43. gr. barnalaga er barn ekki aðili máls um umgengni en er almennt tryggður réttur til þess að tjá sig. Því skal gefa því barni sem hefur náð nægilegum þroska kost á því að tjá sig um mál, nema talið sé að slíkt geti verið skaðlegt fyrir barnið eða skipti ekki máli fyrir úrslit málsins. Dómari getur,

samkvæmt 42. gr. barnalaga, falið sérfróðum manni að kynna sér viðhorf barns og gefa svo skýrslu um það. Einnig getur hann ákveðið að foreldrum sé óheimilt að vera viðstödd þegar hann kannar viðhorf barns. Reynt er að meta vilja barns og eftir því sem barnið verður eldra skiptir vilji þess meira máli og þegar barn er komið á táningsaldur er ekki úrskurðað um umgengni gegn eindregnum vilja barns (Hrefna Friðriksdóttir, 2009). Með þetta að leiðarljósi skiptir miklu máli að flutningur barns á milli heimila sé gerður til þess að efla fjölskyldutengsl, en ekki vegna þess að það séu ákveðin réttindi foreldra. Einnig má flutningur barns á milli foreldra ekki grundvallast af þeirri ástæðu að annað foreldri vilji losna undan ábyrgð á ákveðnum tímum.

Samkvæmt 48. gr. barnalaga getur sýslumaður að kröfu umgengnisforeldris lagt dagsektir á það foreldri sem hindrar umgengni. Dagsekt er tæki til þess að þvinga fram umgengni. Það foreldri sem hindrar umgengni getur þurft að borga allt að 30.000 krónur fyrir hvern dag. Ef foreldri heldur áfram að koma í veg fyrir umgengni verður barn tekið úr umsjá foreldris og fært umgengnisforeldri (Barnalög nr. 76/2003).

4.5. Ísland og Norðurlönd

Markmiðin í norrænum rétti barna hafa almennt verið þau að barnið eigi rétt á að þekkja og hafa umgengni við báða foreldra sína. Alls staðar á Norðurlöndum er lögð áhersla á samvinnu foreldra og reynt að skoða með hvaða hætti sé best fyrir barn að umgangast það foreldri sem það hefur ekki fasta búsetu hjá. Mikilvægt er að foreldrar nái sáttum og vinni saman að forsjá, búsetu og umgengni barns með það að leiðarljósi hvað sé því fyrir bestu. Á öllum Norðurlöndunum fara giftir foreldrar með sameiginlega forsjá barns eftir skilnað nema annað sé sérstaklega ákveðið. Í óvígðri sambúð fer forsjá eingöngu til móður, en þó er hægt að sækja um sameiginlega forsjá og er hún þá á meðan á sambúð stendur og eftir að henni lýkur. Þetta á þó ekki við á Íslandi en hér fá foreldrar sjálfkrafa sameiginlega forsjá með skráðri sambúð. Í norrænum rétti er sú meginregla að þeir foreldrar sem hafa sameiginlega forsjá taki sameiginlegar ákvarðarnir í lífi barns, en sá aðili sem hefur

lögheimili barns tekur minni háttar ákvarðanir frá degi til dags (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

Í Finnlandi geta dómstólar dæmt sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldrisins. Einnig geta dómstólar þar í landi dæmt um búsetu, umgengni og önnur ágreiningsmál sem snúa að forsjá barns. Í Finnlandi geta dómstólar ekki dæmt um sameiginlega búsetu en geta þó dæmt um jafna umgengni sjö daga af hverjum fjórtán (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

Í Svíþjóð voru samþykkt lög árið 1998 sem heimila dómstólum að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldrisins. Árið 2002 var skipuð nefnd sem kanna átti hversu vel hefði tekist til með lagabreytingunum. Nefndin skilaði inn skýrslu árið 2005 og var það mat hennar að dómstólar hefðu of oft dæmt sameiginlega forsjá þegar ágreiningur foreldra var of mikill til þess að þeir gætu náð saman um málefni barns. Nefndin krafðist þó ekki niðurfellingar á heimild dómara til þess að dæma sameiginlega forsjá (Statens offentliga utredningar, 2005). Árið 2006 var lögnum síðan breytt og lögð ríkari áhersla á hvað barninu er fyrir bestu og að það eitt myndi ráða niðurstöðunni. Dómstólar í Svíþjóð geta dæmt um búsetu og umgengni óháð forsjármáli og geta þeir dæmt jafna umgengni sjö daga af fjórtán (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

Í Danmörku voru lög sem heimiluðu dómstólum að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldrisins ekki samþykkt fyrr en árið 2007. Þó átti aðeins að dæma sameiginlega forsjá í undantekningartilvikum þar sem líklegt þótti að sameiginleg forsjá gæti ekki þjónað hagsmunum barnsins, þar sem grunnforsenda sameiginlegrar forsjár er samkomulag foreldra. Dómari þarf því að koma með skýr rök fyrir sameiginlegri forsjá og þarf hann að telja að foreldrarnir geti unnið saman að málefnum barnsins. Í Danmörku skal umgengni vera ákveðin eins og best hentar hag og þörfum barns í hverju tilviki fyrir sig. Gengið er út frá lágmarks Umgengni, líkt og á Íslandi, sem er önnur hver helgi frá seinni hluta föstudags til seinni hluta sunnudags, eða mánudagskvölds, ásamt einum virkum degi aðra hverja viku, ákveðnum dögum í jóla- og páskafríum og tveimur vikum í sumarfríum. Í Danmörku er hægt að ákveða hvort umgengni sé meiri eða minni í hverju tilfalli fyrir sig, líkt og gert er hér á landi. Frá árinu 2007 hafa dómara einnig getað dæmt jafna

umgengni sjö daga af fjórtán (Børnelov nr. 460 af 07/06/2001). Til þess að hægt sé að ákvarða jafna umgengni þarf að vera mjög góð samvinna. Það fyrirkomulag krefst þess að hlustað sé á barnið og að foreldrarnir séu sveigjanlegir. Foreldrar þurfa að fylgja breytingum barns þegar það eldist og þroskast. Það sem hentar til dæmis sex ára barni þarf ekki að henta 14 ára (Familiestyrelsen, 2006).

Frá 1981 hafa dómstólar í Noregi haft þá heimild að dæma sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldris. Sjónarmiðin eru þau að annað foreldrið geti ekki komið í veg fyrir sameiginlega forsjá með barni vegna þess eins að það vilji vera eitt um forsjá þess. Það er þó metið í sérhverju máli fyrir sig, hvað sé barninu fyrir bestu. Sameiginlegt forsjá krefst þess að foreldrar geti ákveðið í sameiningu hvað sé barninu fyrir bestu. Þau tilfelli þar sem sameiginleg forsjá þjónar ekki hagsmunum barnsins eru til dæmis tilfelli þar sem annað foreldri beitir barnið líkamlegu eða andlegu ofbeldi eða þegar mikill ágreiningur ríkir á milli foreldra sem ekki virðist hægt að sætta. Norsk lög hafa afmarkað umgengni og telst venjuleg umgengni forsjárlaus foreldris einn eftirmiðdagur í viku, önnur hver helgi, fjórtán dagar á sumrin og jól eða páskar. Þó geta foreldrar samið um annað og dómstólar geta dæmt um jafna umgengni sjö daga af fjórtán ef þeir telja það vera barninu fyrir bestu. Þó er varhugarvert að dæma slíkt að lítt athuguðu máli (Børnelova nr. 7/1981).

Nefndirnar tvær, frá Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og Félags- og tryggingarmálaráðuneytinu, töldu fulla ástæðu til þess að endurskoða íslensk barnalög um forsjá, búsetu og umgengni. Við endurskoðun laganna skal athuga hvort þau lög sem nú eru í gildi þjóni hagsmunum barna líkt og meginsjónarmiðið á öðrum Norðurlöndum hafa stuðlað að (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2009; Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009).

5. Umgengnishættir á Íslandi

Þar sem ekki er skylda samkvæmt lögum að gera samninga um umgengni, þá eru ekki til nákvæmar upplýsingar um umfangið. Hér á eftir verður þó reynt að leggja mat á það í stórum dráttum hve mörg börn upplifðu skilnað árið 2009 og hve stór

hluti foreldra voru með sameiginlega forsjá. Einnig er skoðuð rannsókn sem getur gefið hugmynd um það hvernig umgengni er háttað.

5.1. Tölfræði

Árið 2009 voru 1186 börn sem upplifðu skilnað eða sambúðaslit foreldra sinna. Af þeim eru 1079 sem njóta sameiginlegrar forsjár foreldrar sinna. 115 börn eru í forsjá móður og 13 börn í forsjá föður. Svipaðar tölur eru til frá árunum 2007-2009 en þó má sjá að skilnaðartíðni eykst og meira er um sameiginlega forsjá (Hagstofa Íslands, 2009).

Áður en sameiginleg forsjá var skilgreind í lögum var meginreglan sú að eðlilegast þætti að móðir færi með forsjá barns eftir skilnað eða sambúðarslit. Árið 1996-2000 upplifðu 1254 börn skilnað foreldra sinna og af þeim lutu 635 eingöngu forsjá móður. Þá voru 587 börn sem fengu að njóta sameiginlegrar forsjá foreldra sinna (Hagstofa Íslands, 2009).

Ekki er algengt á Íslandi að börn búi jafnt hjá foreldrum eftir skilnaðinn þegar lögheimilið er hjá öðru þeirra. Rannsókn sem gerð var í samstarfi við Sýslumannsembættið í Reykjavík sýnir að u.þ.b. 23,3% gefa upp að barn eigi heima jafnt hjá báðum foreldrum en um það bil 23,9% búi eftir hentugleika hjá því foreldri sem það hefur ekki fasta búsetu hjá. Næst algengasta umgengnimynstrið í þessari rannsókn var önnur hver helgi eða um bil 22,1% (Sigrún Júlíusdóttir, 2008). Þá benda niðurstöður íslenskra rannsókna til þess að börn dvelji meira hjá móður en föður. Misjafnt er hvaða daga börnin dveljast hjá feðrum en samkvæmt reynslu úr skilnaðarráðgjöf eru það oft helgarnar sem feður eru með börnin og oft á virkum degi á milli tveggja helga. Rannsóknin sýndi einnig fram á það að fyrirkomulag samvista yfir jóla, áramót og páska skiptist yfirleitt á milli foreldra, eða í um það bil 23,2% tilvika (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000).

5.2 Jöfn búseta

„Bestu foreldrar eru báðir foreldrar“ er álit fagfólks. Eindregið er mælt með því af fagfólki og fremstu sérfræðingum á Norðurlöndum að réttur barns sé sá að fá að umgangast báða foreldra sína. „Samstilling foreldranna og sátt virkjar

aðlögunarhæfni barns, sem verndar þau fyrir skaðsemi hjónaskilnaðar og sambúðarslita sem lengi hefur verið teft fram sem ástæðu gegn sameiginlegri forsjá og breytilegri búsetu“ (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005 bls. 191).

Rannsókn um jafna búsetu sem gerð var hér á Íslandi, af Ársæli Má Arnarssyni og Þóroddi Bjarnasýni, sýndi að ekki er marktækur munur á börnum sem búa hjá báðum foreldrum og börnum sem hafa jafna búsetu, það er að segja sjö daga af fjórtán (Ársæll Már Arnarsson, 2008). Jöfn búseta hefur ekki markvisst verið rannsökuð en talið er að aðeins lítil hluti foreldra sem skilja velji það fyrirkomulag að hafa jafna búsetu (Shaffer, 2007). Rannsókn var gerð af Sólveigu Sigurðardóttir (2009) um jafna búsetu barns hjá báðum foreldrum eftir skilnað. Tekin voru viðtöl við fimm fjölskyldur sem fengnar voru til þess að ræða um reynslu sína af jafnri búsetu. Skilyrði þátttöku var að fjölskyldurnar ættu barn sem byggir jafnt hjá báðum foreldrum. Rannsaka átti samband foreldra, reynslu þeirra af jafnri búsetu, breytingar á lífi barns og fjölskyldutengsl.

Að mati foreldranna áttu börnin auðvelt með að taka þessum breytingum og þær virtust ekki hafa augljós áhrif á þroska þeirra eða líðan. Foreldrarnir töldu að börnin hefðu verið fljót að aðlagast þeim breytingum sem jöfn búseta hefði í för með sér og jafnvel fljótari að aðlagast þeim en foreldrarnir. Þeir sögðu einnig að ekki hefðu komið upp nein vandamál, nema að breytingar hefðu orðið á tímanum, eina og eina viku, til dæmis á hátíðisdögum, jólum og páskum. Börnin voru þá oft orðin þreytt ef skipt var oft innan viku og einnig kom fram söknuður ef barnið sá ekki annað foreldrið fyrir en meira en vika var liðin (Sólveig Sigurðardóttir, 2009).

Jöfn búseta, og þar af leiðandi jafn umgengnisréttur foreldra, getur dregið úr álagi í samskiptum á milli barns og foreldra. Slíkt álag getur komið til þegar lítil andlegur stuðningur er til staðar fyrir barnið eða aukið álag er á það foreldri sem hefur eitt forsjá yfir barninu eða hjá hinu forsjárlausa foreldri. Foreldrar sem hafa jafna búsetu eru í jafngóðum samskiptum við börn sín og foreldrar sem búa saman (Ársæll Már Arnarsson, 2008). Í rannsókn Sólveigar upplifðu börnin sig ekki sem skilnaðarbörn. Þau stóðu sig vel bæði í námi og á félagslegum grundvelli og töluðu

kennarar um það að þeir sæju engin einkenni skilnaðar á börnunum (Sólveig Sigurðardóttir, 2009).

Spurt var, í rannsókn Sólveigar, um reynslu foreldra af jafnri búsetu barna sinna. Allir foreldrarnir voru mjög jákvæðir gagnvart jafnri búsetu og töldu þetta vera bestu lausnina fyrir þau auk þess með þessu fyrirkomulagi væri börnunum veittar stöðugar samvistir við báða foreldra (Sólveig Sigurðardóttir, 2009). Jöfn búseta hentar þó ekki öllum. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að þeir foreldrar sem hafa jafna búsetu fyrir börn sín hegði sér öðruvísi en aðrir foreldrar (Shaffer, 2007). Hegðun foreldrana lýsir sér þannig að mikil sátt og traust ríkir á milli þeirra og barnið hafi hæfni til þess að skilja og aðlagast (Sigrún Júlíusdóttir, 2008). Niðurstöður rannsókna sýna að mestu máli skiptir að samskipti foreldra séu góð og samvinna mikil. Jöfn búseta er flókið fyrirkomulag og gengur best ef þessir þættir eru í lagi (Shaffer, 2007). Flestir foreldrar í rannsókn Sólveigar sögðu það skipta miklu máli að börnin væru í sama félagslega umhverfinu, það er að segja skóla og vínahópi, þótt barnið flytti á milli heimila (Sólveig Sigurðardóttir, 2009).

Foreldrarnir töluðu einnig, þá sérstaklega mæðurnar, um fordóma sem fylgdu þessu viku-viku kerfi. Ein móðir upplifði mikla fordóma um það að hún væri ekki hæf móðir vegna þess að hún léti barnið frá sér aðra hverja viku. Hins vegar væri barnsfaðirinn „ofurpabbi“. Þetta mætti tengja jafnréttisumræðunni í þjóðfélaginu (Sólveig Sigurðardóttir, 2009). Mæðurnar í rannsókninni virtust hafa átt erfiðara með að aðlagast jafnri búsetu, þar sem þeim fannst erfitt að vera án barnanna viku í senn, en á sama tíma vildu þær þó samt að börnin umgengjust föður sinn reglulega (Sólveig Sigurðardóttir, 2009; Ársæll Már Arnarsson, 2008).

Niðurstöður rannsóknar sem gerð var í Ástralíu um jafna umgengni sýndi að mæður voru í flestum tilfellum ekki tilbúnar til þess að samþykkja slíkt fyrirkomulag. Aldur barns var meðal annars ástæða fyrir því. Þeim fannst ekki við hæfi að ungt barn myndi flakka á milli heimila þegar það þarfnaðist fyrst og fremst stöðuleika. Feður voru hins vegar tilbúnir til þess að samþykkja jafna búsetu (Smyth og Weston, 2004). Þá hafa rannsóknir sýnt að þetta fyrirkomulag (jöfn búseta) eykur þann tíma sem feður eyða með börnum sínum. Einnig kemur fram í niðurstöðum rannsókna að feður eyða tvöfalt meiri tíma með börnum sínum við

þetta fyrirkomulag en þegar þeir bjuggu með barnsmóðir sinni og börnum (Ársæll Már Arnarsson, 2008).

Allir foreldrarnir í rannsókn Sólveigar voru sammála um það að jöfn búseta barns væri hentugasta fyrirkomulagið og besta leiðin til þess að tryggja hagsmuni þeirra. Þeir voru sammála um mikilvægi þess að barnið fengi að umgangast báða foreldra og eiga við þá regluleg samskipti og að jöfn búseta væri besta leiðin til þess að tryggja það (Sólveig Sigurðardóttir, 2009). Ekki er þó hægt að segja að jöfn búseta skili sér í betri tengslum við báða foreldra (Ársæll Már Arnarsson, 2008). „Engu að síður gefa niðurstöðurnar sterka vísbendingu um að foreldrar sem eru tilbúnir til að hafa börnin hjá sér jafnt til skiptis þurfi ekki að óttast neikvæð áhrif á samskipti sín við börnin“ (Ársæll Már Arnarsson, 2008, bls. 156-157).

6. Hvenær er umgengni ekki æskileg?

Þó að réttur barns sé sá að mega umgangast báða foreldra sína, þá getur sá réttur stangast á við önnur réttindi barnsins. Þá geta foreldrar óttast um velferð barna sinna hjá hinu foreldrinu ef misnotkun á áfengi eða fíkniefnum eða einhvers konar ofbeldi innan fjölskyldunnar á sér stað (Wendt, Campbell og McInnes, 2010).

Mikilvægt er því að meta hvort umgengni við báða foreldra samræmist hagsmunum barnsins.

6.1. Úrræði í boði

Samkvæmt 4. mgr. 47. gr. barnalaga getur sýslumaður úrskurðað, að undangengnu samráði við barnavernd, að umgengni skuli fara fram undir eftirliti eða með tilsjón viðkomandi barnaverndarnefndar. Þegar talað er um umgengni undir eftirliti, þá er átt við það að starfsmaður barnaverndar sé á staðnum þegar umgengnin fer fram, en þegar er verið að tala um tilsjón með umgengni, þá er starfsmaður barnaverndar á staðnum þegar verið er að sækja barn og skila, við upphaf og lok umgengni (Innanríkisráðuneytið, e.d.). Þessi úrræði eiga helst við í þeim tilvikum þar sem ekki er öruggt að barni líði vel hjá umgengnisforeldri eða þegar miklar deilur og ágreiningur er á milli foreldra (Innanríkisráðuneytið, e.d; Þyri Halla Einarsdóttir, 2004). Einnig getur sýslumaður, samkvæmt 7. mgr. 47. gr. barnalaga,

sett bann við umgengni ef talið er að hún sé andstæð hag og þörfum barnsins. Sú regla er undantekningaregla og dæmi um slík tilvik er þegar foreldri hefur fengið dóm fyrir ofbeldi gagnvart barninu eða öðrum börnum (Þyri Halla Einarsdóttir, 2004).

Það er skylda foreldra að vernda börn sín gegn hvers kyns illri meðferð, samkvæmt 28. gr. barnalaga. Börn sem búa við heimilisofbeldi mótast af því, hvort sem þau eru sjálf beitt ofbeldi eða ekki. Margar rannsóknir benda til þess að þau börn sem upplifa ofbeldi á heimili sínu en verða ekki fyrir slíku sjálf, séu árásarhneigðari en önnur börn og sýni andfélagslega hegðun (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Þótt gengið sé út frá því að barn eigi rétt á því að umgangast báða foreldra sína með reglubundnum hætti, hvort sem þau fari með forsjá barns eða ekki, er ljóst að regluleg umgengni þarf ekki endilega alltaf að vera barni fyrir bestu, til dæmis þegar ofbeldi hefur átt sér stað innan veggjar heimilisins (Elísabet Gísladóttir, 2009). Við slíkar aðstæður er hægt að takmarka umgengni eða koma í veg fyrir hana samkvæmt 47. gr. barnalaga.

6.2. Áhrif heimilisofbeldi á ákvarðanir í umgengnismálum

Framkvæmd var rannsókn til þess að kanna hvaða áhrif heimilisofbeldi hefur varðandi ákvörðun um umgengni. Í rannsókninni var farið yfir öll þau umgengnismál sem lokið hefur með úrskurði Sýslumannsembættisins í Reykjavík á undanförunum 10 árum, eða frá árinu 1999 til ársins 2009. Á þessu tímabili voru þar kveðnir upp 227 úrskurðir í umgengnismálum. Í rúmlega 20% tilvika, eða í 46 málum, átti ofbeldi að hafa átt sér stað innan veggja heimilisins. Einnig kom fram að í 44 tilfella voru það feður sem voru ásakaðir um ofbeldi innan veggjar heimilisins. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu þó að umgengnisrétti er nær aldrei hafnað á grundvelli þess að ofbeldi hafi átt sér stað innan veggja heimilis. Til marks um það hversu umgengnisréttur er sterkur á Íslandi, þá er aðeins eitt dæmi á þessum 10 árum, þar sem umgengnin var talin andstæð högum og þörfum barns (Elísabet Gísladóttir, 2009). Ástæður þess geta verið þær að því foreldri sem beitt er ofbeldi sé ekki trúað og upplifi lítilsvirðingu þegar það tilkynnir ofbeldið (Wendt o.fl., 2010). Góð rök og sannanir þurfa að vera til staðar svo sýslumaður geti komið í

veg fyrir umgengi (barnalög nr. 76/2003). Oft finnst foreldrum þó að þeir hafi ekki hafa nægar sannanir og vilja því ekki fara með málið lengra og einnig til þess að vernda börnin fyrir málaferlum (Wendt o.fl.,2010). Á Íslandi úrskurðaði sýslumaður nánast undantekningarlaust að umgengni skyldi fara fram, þó svo að barn hafi sjálft orðið fyrir ofbeldi inni á sínu eigin heimili (Elísabet Gísladóttir, 2009).

Niðurstöður erlendrar rannsóknar gefa til kynna að oft séu tilkynningar um ofbeldi hunsaðar og foreldrum finnst að ekki sé tekið mark á ásökunum (Wendt o.fl.,2010).

Enda þótt grundvallareglan sé sú að þegar ákvörðun er tekin um umgengni barns, þá eigi alltaf hafa það að leiðarljósi hvað sé barninu fyrir bestu hverju sinni, þá hafa niðurstöður þessarar íslensku rannsóknar sýnt annað (Elísabet Gísladóttir, 2009).

Því er þörf á meiri þekkingu fyrir þá fagaðila sem koma að slíku máli. Betri menntun og aukinn skilningur er mikilvægur, þegar unnið er með jafn mikilvæg mál og þessi (Wendt o.fl.,2010). Engu að síður eru þau mál sem lenda inn á borði hjá

barnavernd unnin af fagaðilum, fyrst og fremst félagsráðgjöfum, sem búa yfir mikilli þekkingu á líðan og aðstæðum barna sem hafa orðið fyrir ofbeldi og geta gegnt lykilhlutverki í því að aðstoða þau (Anni G. Haugen, 2008). Samkvæmt þessari íslensku rannsókn virðist töluvert skorta á það að raunverulega sé metið hvað sé barni fyrir bestu, því það að ákvarða umgengni við það foreldri sem hefur beitt barn ofbeldi, telst varla vera barni fyrir bestu. „Virðist umgengnisréttur samkvæmt íslenskum lögum því í raun fremur fela í sér rétt foreldris en barns“ (Elísabet Gísladóttir, 2009).

Þegar rætt er um umgengnisrétt er oft verið að tala um mikilvægi þess að barn viðhaldi tengslum við báða foreldra. Þó virðist, samkvæmt niðurstöðum þessara rannsókna, að ekki sé litið til þessa þegar ákvarða á umgengni, þó tengsl barns við annað foreldri séu lítil sem engin (Elísabet Gísladóttir, 2009). Allar ásakanir um ofbeldi ætti því að taka alvarlega og rannsaka ætti hvert og eitt tilvik áður en umgengni barns eftir skilnað er ákveðin (Wendt o.fl.,2010). Umgengnisréttur á fyrst og fremst að vera réttur barns til þess að umgangast báða foreldra sína, þó svo að hann feli í sér gagnkvæman rétt barns og foreldris. Mikilvægt er að endurskoða umgengnisrétt með það til hliðsjónar að hagsmunir barns vegi þyngra en hagsmunir foreldra samkvæmt 3. gr. barnasáttmálans.

7. Ágreiningur foreldra

Ágreiningur á milli foreldra er hegðun sem skapar oftast en ekki mikla vanlíðan hjá börnum (Portnoy, 2008). Þessi börn finna meðal annars fyrir þunglyndi, eru til baka og árásgjarnari. Þau eru einnig líklegri til þess að eiga erfiðara með að umgangast félag sína (Shaffer, 2007). Rannsóknir hafa sýnt að í 20-25% tilfella halda foreldrar áfram að deila eftir skilnað sem gerir börnum erfiðara fyrir (Portnoy, 2008). Þá snúast ágreiningsmálin oftast en ekki um barnið og foreldrar geta ekki komið sér saman um mikilvægar ákvarðanir eins og forsjá, umgengni og meðlag (Amato, 2000). Barnið getur þá lent í því að þurfa að hlusta á annað foreldrið baktala hitt í návist þess eða jafnvel við það sjálf. Í slíkum tilfellum eru foreldrar ekki að hugsa um hagsmuni barnsins heldur eingöngu eigin þarfir og kemur það niður á börnunum (Portnoy, 2008). Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að þegar ágreiningur á milli foreldra er mikill, þá er umgengni beggja foreldra frekar skaðleg en hitt (Shaffer, 2007). Rannsóknir hafa sýnt að mæður sem lenda í miklum deilumálum vegna forsjár barns síns, sýna því minni hlýju og eru strangari við þau heldur en feðurnir. Þeir eru oftast hlédrægir og hafa minna samband við börn sín (Portnoy, 2008).

Rannsóknir hafa leitt í ljós að það skipti miklu máli hvernig staðið er að skilnaði. Sýnt hefur verið fram á að það sé barni fyrir bestu ef sagt er sameiginlega frá skilnaðinum (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008). Mikilvægt er að börn nái að sætta sig við skilnað foreldra sinna og kenni sjálfri sér ekki um hann (Portnoy, 2008). Skilnaðarbörn finna oft fyrir spennu og þrúgandi andrúmslofti inni á heimili í aðdraganda skilnaðar. Því má ætla að barn átti sig á því að skilnaður sé í vændum, þótt ekkert sé sagt beinum orðum um það við barnið. Þetta veldur í flestum tilfellum kvíða og óvissu hjá barninu. Mikilvægt er að foreldrar fái ráðgjöf og leiðbeiningar um það hvernig standa eigi að skilnaði svo hann hafi sem minnst áhrif á barnið (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008).

Mismunandi er hvernig átök á milli foreldra þróast og hverjar afleiðingarnar verða. Margar rannsóknir hafa skipt átökum foreldra í tvær tegundir. Í fyrsta lagi *óduln átök* þar sem foreldrar t.a.m. öskra á hvort annað, sýna fyrirleitningu, móðga

hvort annað og svívirða. Í öðru lagi *dulin átök* þar sem börnin eru dregin inn í átökin (Shaffer, 2007). Þau lenda þar af leiðandi á milli foreldra sinna (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005). Í slíkum átökum er barnið notað til þess að fá upplýsingar um hitt foreldrið. Það er látið bera skilaboð á milli foreldranna og hvort foreldrið um sig reynir að fá barnið til þess að vera á móti hinu foreldrinu (Shaffer, 2007). Barnið er gert að beinum aðila í málum foreldranna og með því er verið að ganga á rétt barnsins. Hægt er að segja að ekki sé verið að horfa til hagsmuna barnsins og þess hvað sé því fyrir bestu, þegar foreldrum er leyft að deila um forsjá þess (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005). Talið er að ódulin átök hafi meiri áhrif á barnið. Dulin átök geta engu að síður leitt til hegðunarvandamála eins og þunglyndi og streitu (Shaffer, 2007).

Þótt barnið eigi rétt á því að hafa eigin skoðanir og það þurfi að fá að fylgjast með, þá merkir það ekki að setja megi barnið í erfiða stöðu og láta það axla ábyrgð sem getur fylgt skilnaðnum. Börn þurfa að fá að vera börn og það þarf að vernda þau fyrir þeim átökum sem geta myndast á milli foreldra við skilnað. Það ber alltaf að veita börnum tilfinningalegt- og fjárhagslegt öryggi, þó svo að foreldrarnir gangi í gegnum skilnað (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005).

7.1. Sáttameðferð

Sérstök sáttameðferð er hér á landi og er hún notuð þegar foreldrar ná ekki að koma sér saman um forsjár- eða umgengnismál. Í sáttameðferðinni vinna fagaðilar og lögmenn að því markmiði að velferð barnsins sé tryggð (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005). „Sáttamiðlun er aðferð til lausnar ágreiningi, sem aðilar taka sjálfviljugir þátt í með hjálp eins eða fleiri óháðra og hlutlausra sáttamanna“ (Ingibjörg Bjarnadóttir, 2005, bls. 38). Markmiðið með ráðgjöfinni er að átök og eigin ávinningur víki fyrir góðri samvinnu á milli foreldra og hagsmunir barnsins séu hafðir að leiðarljósi (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005).

Áður en sýslumaður úrskurðar um umgengni ber honum að bjóða foreldrum sérfræðiráðgjöf. Hann má þó í undantekningartilvikum láta hjá líða að bjóða slíka ráðgjöf, ef hann telur hana ónauðsynlega eða tilgangslausa (Barnalög nr. 76/2003).

Foreldrum er þó ekki skylt að þiggja ráðgjöf og því fer hún ekki fram gegn vilja foreldra (Ingibjörg Bjarnadóttir, 2005). Tilgangur ráðgjafarinnar er að aðstoða foreldrana við að finna lausn á deilum sínum með tilliti til þess sem er barninu fyrir bestu (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008). Það eru sérfræðingar í fjölskylduráðgjöf sem annast ráðgjöfina hjá embættum sýslumanna.

Sérfræðingarnir ákveða hvort foreldrarnir mæti saman í viðtal eða hvort í sínu lagi, en almennt verður talið að ráðgjöfin þjóni best tilgangi sínum ef foreldrar mæta saman í viðtal (Innanríkisráðuneytið, e.d.). Það barn sem náð hefur nægilegum þroska hefur kost á því að tjá sig í sáttameðferð, nema slíkt sé talið skaðlegt fyrir barnið og/eða sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins. Sáttamaður skal ávallt gæta þess að vera hlutlaus í máli og leitast við að draga fram þá þætti sem geta hjálpað foreldrum að loka málinu með sátt (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008). Einnig á sáttamaður að vera málefnalegur og til þess að tryggja að niðurstaðan verði niðurstaða foreldranna, verður sáttamaður að forðast að skoðanir hans hafi áhrif á lausn málsins (Ingibjörg Bjarnadóttir, 2005). Í drögum að frumvarpi til barnalaga er lagt til að þegar foreldrum tekst ekki að gera samning, þá eigi sáttamaður að gefa út vottorð. Í vottorðinu skal koma fram hvernig sáttameðferð fór fram, helstu ágreiningsatriði, afstaða aðila og skoðanir barns, ef það á annað borð tók þátt í sáttameðferðinni (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2008).

Sáttameðferð er fyrst og fremst ferli sem hjálpar foreldrum að breyta ágreiningi í samvinnu svo barnið komi sem best út úr skilnaðinum (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Það virðist þó vera svo að annað foreldrið komi alltaf til með að hagnast meira en hitt, vegna þess hvernig lögum á Íslandi er háttað. Til að mynda getur barn aðeins átt lögheimili á einum stað. Þeim mikilvægu skilaboðum er þó komið til skila í þessu ferli að samvinna á milli foreldra sé möguleg og beinlínis vænleg til árangurs (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005).

7.2. Félaga- og hagsmunasamtök

Ýmis félaga- og hagsmunasamtök eru til sem vinna að og standa vörð um hagsmuni barns og foreldra þeirra. Ýmist eru það samtök einstæðra foreldra, samtök foreldra sem eru forsjárlausir eða samtök um jafnrétti kynjanna..

Félag einstæðra foreldra berst fyrir réttindum einstæðra foreldra og barna þeirra og stendur vörð um hagsmuni þeirra. Félagið er að mestu leyti rekið á hugsjónagrunni, óháð opinberum stofnunum. Félagið býður upp á ráðgjöf, vinnur að því að bæta ímynd einstæðra foreldra og reynir að koma í veg fyrir fordóma og kerfisbundna mismunun gagnvart þeim og börnum þeirra (Félag einstæðra foreldra, e.d.).

Félag um foreldrajafnrétti eru samtök sem stofnuð voru um réttarstöðu þeirra foreldra sem ekki hafa lögheimili barnsins. Félagið leggur áherslu á þau börn sem ekki búa með báðum foreldrum sínum. Félagið vill tryggja rétt foreldra bæði til forsjár og umgengni, með það að leiðarljósi hvað sé barni fyrir bestu. Félagið telur það vera fæðingarétt barns að geta búið hjá báðum foreldrum sínum. Taka eigi ákvarðanir út frá hagsmunum barnsins en ekki hagsmunum foreldra, úreltum gildum eða hefðum. Félagið telur að börnum sem eigi ríkuleg samskipti við báða foreldra sína vegni betur í lífinu en börnum sem gera það ekki (Félag um foreldrajafnrétti, e.d.).

8. Félagsráðgjafar

Félagsráðgjöf hefur verið skilgreind sem almennt fag og hefur breidd hennar verið talin kostur hennar. Frumkvöðlar lögðu það til í kringum aldamótin 1900 að sérhæfing félagsráðgjafarinnar væri heildarsýnin og vinna ætti með skjólstæðinginn út frá kerfishugsun. Tvær mismunandi nálganir hafa skapast í félagsráðgjöf. Annars vegar felst hún í vinnu þar sem horft er á samfélagið sjálft (makróplan) og hins vegar í meðferðavinnu með einstaklingum og fjölskyldum (míkróplan) (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Það hefur mikil áhrif á samband á milli tveggja einstaklinga að eignast barn. Félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar hafa lagt mikla áherslu á fræðslu til þeirra sem

ætla að eignast barn. Mikilvægt er að félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar í slíkum málum vandi sem best til verka, því enda þótt samband þara sé ekki alltaf samningur til lífstíðar, þá er foreldrahlutverkið það og fólk þarf að geta unnið saman sem ábyrgir foreldrar (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Foreldrar þurfa að fá upplýsingar um það hvernig heppilegast sé að standa að skilnaði, hvort þeir þurfi á ráðgjöf að halda og hvernig sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum skilnaðarins á líðan barnsins (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008). Frumskyldur félagsráðgjafa eru þær að upplýsa einstaklinga um réttindi og skyldur og einnig ber honum að upplýsa um úrræði eða aðra möguleika sem gætu hjálpað (Landlæknisembættið, 2008).

Margs konar þjónusta er í boði á Norðurlöndum í tengslum við skilnaði og hér á Íslandi hefur slík þjónusta þróast síðastliðin ár á höfuðborgarsvæðinu og í fleiri sveitarfélögum. Í slíkum málum, sem kalla á almenna en þó vel skilgreinda þjónustu, þarf öfluga félagsráðgjöf. Sú ráðgjöf þarf fyrst og fremst taka mið af afleiðingum skilnaða og lífsskeiðsbreytinga (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008).

Slíka þjónustu mætti flokka í þrennt: Í fyrsta lagi væri það almenn fjölskyldufræðsla til allra foreldra sem eiga von á fyrsta barni. Í öðru lagi skilnaðarfræðsla til allra foreldra sem sækja um skilnað. Í þeirri fræðslu yrði komið inn á það hve samvinna foreldra sé mikilvæg fyrir barnið, hvernig ætti að segja barni frá skilnaði og hvernig sé heppilegast að tala við barnið miðað við þroska þess og aldur. Í þriðja lagi væri það sérstök aðstoð við foreldra sem eiga erfitt með að vinna saman og finna lausnir. Sú aðstoð myndi þá meðal annars felast í því að veita börnunum stuðning. Þessi ráðgjöf getur komið fram á ýmsa vegu, t.d. sem stutt námskeið, fræðslumyndbönd, tilraunaverkefni eða hópastarf (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2008).

Niðurstöður og umræður í samfélaginu hafa sýnt fram á að eftirspurn hefur aukist hjá foreldrum eftir ráðgjöf og stuðningi í skilnaðarmálum, þar sem foreldrar kjósa að vernda börnin í stað þess að íþyngja þeim með ágreiningi sín á milli. Því þarf að svara þessari eftirspurn með áherslu á fjölskylduráðgjöf og sérstaka ráðgjöf (Sigrún Júlíusdóttir, 2009).

9. Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir helstu þætti umgengni barns við foreldra sína eftir skilnað eða sambúðarslit. Farið var yfir hvernig umgengni sé best háttað svo það sé barni fyrir bestu. Einnig var farið yfir þá þætti sem skipta máli þegar umgengni er ákvörðuð.

Í fræðilegum rannsóknum er lögð mikil áhersla á að barn umgangist báða foreldra en með því er stuðlað að góðu tilfinningalífi barns. Eðlilegt væri að telja að slík umgengni væri það besta fyrir barnið, en höfundur bendir á að ekki hefur verið sýnt fram á að ein ákveðin umgengni sé börnum betri en önnur. Margt getur spilað inn í eins og aldur barns og ágreiningur foreldra. Aldur barns skiptir miklu máli en ef barn hefur náð þeim þroska sem til þarf hefur það rétt til þess að tjá sig um málið. Í ljósi þess bendir höfundur á að mikilvægt er að átta sig á því hvað það er sem barnið raunverulega vill, en barninu getur verið stýrt af öðru foreldranum eða verið undir áhrifum beggja. Höfundur telur þó varhugavert að setja barn í þá stöðu að velja á milli foreldra sinna, þar sem sýslumaður getur ekki úrskurðað jafna búsetu.

Sýslumanni ber að úrskurða um umgengni út frá því sem barni er fyrir bestu hverju sinni. Þegar fólk skilur eða slítur sambúð verða oft átök milli foreldranna. Þeim aðilum sem vinna að umgengnismálum barns ber því að hafa hugfast að ekki er hægt að ganga að því sem sjálfsgöðu að umgengni beggja foreldra sé barninu í hag þar sem ágreiningur foreldra getur verið það mikill að hann er skaðlegur fyrir barnið. Höfundur bendir að lokum á að ekki hefur verið sýnt fram á að ein ákveðin umgengni sé börnum betri en önnur.

Þegar foreldrar skilja fær barn yfirleitt fasta búsetu á öðrum staðnum. Algengast er að barn fái fasta búsetu hjá móður en umgangist svo föður eftir samkomulagi. Finnst höfundi þetta miður þar sem rannsóknir hafa sýnt að lítil sem engin umgengni við föður eftir skilnað getur valdið erfiðum tilfinningum hjá börnum. Barnið getur fundið fyrir höfnunartilfinningu, söknuði, reiði og jafnvel þunglyndi. Einnig hafa rannsóknir sýnt að flest börn hefðu viljað eyða meiri tíma með því foreldri sem það hafði ekki fasta búsetu hjá. Rannsóknir hafa einnig sýnt að þegar báðir foreldrar eru hluti af lífi barnsins og veita barninu jafnmikinn stuðning verða

vandamál þeirra sambærileg vandamálum barns sem býr hjá báðum foreldrum. Jöfn búseta er gott dæmi um fyrirkomulag þar sem barn eyðir jöfnun tíma hjá foreldrum sínum. Þó umgengni beggja foreldra sé mikilvæg fyrir börn hentar jöfn búseta ekki öllum. Rannsóknir hafa sýnt að það sem mestu máli skiptir eru góð samskipti á milli foreldra og markviss samvinna. Einnig er æskilegt að foreldrar búi í sama hverfi eða þar sem barn getur sótt sama skóla og sama félagsskap þó það fari á milli heimila. Þá þarf barnið að hafa hæfni til þess að aðlagast þessum breytingum. Rannsóknir hafa sýnt að slíkt fyrirkomulag geti gefið góða raun ef þessir þættir eru í lagi. Með jafnri búsetu er barn í jafnmiklum samskiptum við foreldra sína eins og börn sem búa hjá báðum foreldrum sínum.

Mikill ágreiningur á milli foreldra getur verið skaðlegur fyrir barn sem umgengst báða foreldra sína. Það getur orðið vitni að átökunum og jafnvel þurft að taka afstöðu. Þegar börn upplifa ágreining foreldra sinna skapar það yfirleitt mikla vanlíðan sem getur orsakað hegðunarvandamál. Hvort sem foreldrar eða sýslumaður ákveða umgengni þarf alltaf að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi og hvað er mikilvægt fyrir barnið hverju sinni. Í sumum tilfellum er umgengni barns við foreldri ekki æskileg og getur jafnvel verið skaðleg. Við slíkar aðstæður er hægt að takmarka umgengni eða koma í veg fyrir hana. Þó hafa rannsóknir sýnt að ekki er æskilegt að beita slíkum aðgerðum. Dæmi eru um að börn hafi þurft að þola ofbeldi af hálfu þess foreldris sem krefst umgengni. Þetta gagnrýnir höfundur harðlega, en spyrja má hvort hagsmunir barnsins séu hafðir að leiðarljósi í slíkum úrskurðum. Hafa þarf þó í huga að úrskurðir um umgengni eru flóknir og margar hliðar eru á hverju máli. Það er mat höfundar að ef umgengni barns við foreldri reynist því skaðleg skuli hiklaust beita þeim úrræðum sem í boði eru, barninu í hag. Að ákveða eða úrskurða umgengni er vandmeðfarið, en fyrst og fremst þarf ágreiningur foreldra að víkja fyrir hagsmunum barnsins, svo hægt sé að halda áfram með foreldrahlutverkið, þó svo að samband milli tveggja einstaklinga líði undir lok.

Þegar litið er til annarra landa má sjá að Ísland er nokkuð á eftir Norðurlöndunum í þróun umgengnis- og forsjármála. Á Íslandi hefur helst verið litið til Danmerkur og Noregs sem fyrirmynda við þróun laga í þessum málaflokki,

en í Danmörku og Noregi geta dómstólar í dag dæmt um sameiginlega forsjá og umgengni en þó skulu hagsmunir barna hafa ávallt hafa ráðandi áhrif á niðurstöðuna. Á þetta ekki við á Íslandi en þó er þróunin í þessa átt í drögum að nýju frumvarpi til barnalaga. Höfundur þykir þetta vera jákvæð þróun, sérstaklega að hægt verði að dæma um jafna búsetu. Höfundur telur þó að ákveðin atriði sem eru talin æskileg fyrir jafna búsetu ættu frekar að vera skilyrði fyrir jafnri búsetu. Dæmi um þetta eru samvinna og samskipti foreldra, að barn sæki sama skóla og geti verið í sama félagsskap þó það flakki á milli heimila.

Umgengni og forsjá eru atriði sem mikið hafa verið rannsökuð. Rannsaka mætti þó jafna búsetur frekar sem og það hvort umgengnisrétti sé beitt sem rétti foreldra eða barns þegar verið er að dæma um umgengni. Út frá þeirri umfjöllun sem hér hefur farið fram er augljóst að ekki er hægt að gera ráð fyrir að eitthvað eitt fyrirkomulag umgengni sé betra fyrir barn en annað. Margir þættir hafa áhrif á það hverskonar umgengni hentar hverju barni fyrir sig. Samvinna á milli foreldra, aldur barns og að umgengni sé ekki skaðleg fyrir barnið eru þeir þættir sem skipta hvað mestu máli þegar umgengni barns við foreldra er ákveðin.

Linda Rós Jóhannesdóttir

Heimildaskrá

- Aldís Unnur Guðmundsdóttir. (2007). *Lengi býr að fyrstu gerð*. Reykjavík: Mál og menning.
- Amato, P. R. (2000). The consequences of divorce for adults and children. *Journal of Marriage and the Family*, 62, 1269.
- Anni G. Haugen. (2008). Barnaverndarstarfsmenn, kröfur og menntun. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 357-367). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ársæll Már Arnarsson. (2008). „Jafnt til skiptis? Tvískipt búseta barna og samskipti þeirra við foreldra“. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XI*, (bls. 151-158). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Barnalög* nr. 76/2003.
- Børnelov* nr. 460 af 07/06/2001.
- Barnelova* nr. 7/1981
- Barnasáttmáli* nr. 18/1992.
- Bartholomew, K. (1993). From childhood to adult relationships: Attachment theory and research. Í S. Duck (ritstj.), *Learning about relationships* (bls. 30-62). Newbury Park: Sage Publications.
- Benedikt Jóhannsson. (2004). *Börn og skilnaðir*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.
- Bowlby, J. (1953). *Child care and the growth of love*. Harmondsworth: Penguin Books.
- Bowlby, J. (1988). Developmental psychiatry comes of age. *The American Journal of Psychiatry*, 145, 1-10.

- Davíð Þór Björgvinsson. (1995). *Barnaréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (2008). *Drög af frumvarpi*, sótt 10. apríl 2011 af http://www.foreldrajafnretti.is/wp-content/uploads/DOM_20100112_Drog_ad_frumvarpi_forsja.pdf.
- Elísabet Gísladóttir. (2009). Áhrif heimilisofbeldis á ákvarðanir í umgengnis- og forsjármálum. Í Trausti Fannar Valsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X*, (bls. 61-80). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Fabricius, W. V. (2003). Listening to Children of Divorce: New Findings That Diverge From Wallerstein, Lewis, and Blakeslee. *Family Relations*, 52(4), 385-396.
- Familiestyrelsen. (2006). Barnets perspektiv. Sótt 1. apríl 2011 af http://www.familiestyrelsen.dk/fileadmin/user_upload/Foraeldremyndighed_dog_samvaer/Bet_nkning_afgivet_af_Udvalget_om_For_ldremyndighed_og_Samv_r.pdf
- Félag einstæðra foreldra. (e.d.). *Um félagið*. Sótt 10. nóvember 2010 af http://www.fef.is/um_felagid.php
- Félag um foreldrajafnrétti. (e.d.) *Stefna félagsins*. Sótt 2. desember 2010 af http://www.foreldrajafnretti.is/?page_id=2026
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009). *Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum*. Sótt 5. nóvember 2010 af: http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Skyrsla_nefndar_um_stodu_barna_i_mismunandi_fjolskyldugerdum.pdf
- Gabla, S., Crnic, K. Og Belsky, J. (1994). Coparenting within the family system; Influences on children's development. *Family Relations*, 43, 380-386.

- Guðný Björk Eydal. (2006). Feður og fjölskyldustefna. Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII*, (bls. 201-210). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands. (2009). *Giftingar og skilnaðir*. Sótt 13. nóvember 2010 af <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Giftingar-og-skilnadir>
- Hrefna Friðriksdóttir. (2009). Sifjaréttur. Í Róbert R. Spanó (ritstj.), *Um lög og rétt: helstu greinar íslenskrar lögfræði*. Reykjavík: Codex.
- Ingibjörg Bjarnadóttir. (2005). Sáttamiðlun í hnotskurn. *Lögmannablaðið*, 4, 38-40
- Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Félagsþjónustan*. Reykjavík: Félags- og tryggingarmálaráðuneytið.
- Innanríkisráðuneytið. (e.d.). *Barnaréttur-umgengni*. Sótt 1. apríl 2011 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni-raduneytis/barnalog/upplýsingar/nr/804>
- Kelly, J.B. (2007). Children's living Arrangements Following separation and Divorce: Insights from Empirical and Clinical Research. *Family Process*, 46(1),35-52.
- Lamb, M.E. (2000-a). *Attachment*. Í A. E. Kazdin (ritstj.), *Encyclopedia of Psychology*. Oxford: Oxford University Press.
- Lamb, M.E. (2000-b). *Fathering*. Í A. E. Kazdin (ritstj.), *Encyclopedia of Psychology*. Oxford: Oxford University Press.
- Landlæknisembættið. (2008). *Siðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 10. apríl 2011 af <http://www.landlaeknir.is/Pages/435>
- Norges offentlige utredninger. (2008). *Med barnet i fokus*. Bergen/Oslo, Sótt 1. apríl 2011 af :

<http://www.regjeringen.no/pages/2067864/PDFS/NOU200820080009000DDPDFS.pdf>

Portnoy, S. M. (2008). The Psychology of Divorce: A Lawyer's Primer, Part 2: The Effects of Divorce on Children. *American Journal of Family Law*, 21, 126. Sótt 20. september 2010 af: <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=1399533361&sid=2&Fmt=3&clientId=58032&RQT=309&VName=PQD>.

Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldhvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan

Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu- eitt sérfræðisviða. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstj.), *Heilbrigði og Heildarsýn* (bls. 33-49). Reykjavík: Háskólaútgáfan og RBF.

Sigrún Júlíusdóttir. (2008). *Lífsgæði foreldra forsjármál og framtíðarheill barna*.

Erindi haldið á málþingi um fjölskyldumál á Íslandi undir yfirskriftinni „Höfum við hagsmuni barna að leiðarljósi?“ Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 9. september 2010 af: http://www.rbf.is/media/files/SJ_27okt.ppt

Sigrún Júlíusdóttir. (2009). Samskipti foreldra og barna eftir skilnað. Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum X*, (bls. 119-130). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2008). Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda- rannsókn um sjónarhorn foreldra. *Tímarit lögfræðinga*, 58(4), 465-495.

Sigrún Júlíusdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðlaug Magnúsdóttir. (2008). *Ungmenni og ættartengsl : rannsókn um reynslu og sýn skilnaðarungmenna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar*. Háskólaútgáfa: Reykjavík.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2005). Réttur barna og velferð við skilnað foreldra. Um lýðræðishugsun og hagsmuni. *Tímarit lögfræðinga*, 55,183-196.
- Shaffer, M. (2007). Joint Custody, Parental Conflict and Children's Adjustment to Divorce: What the Social Science Literature Does and Does Not Tell Us. *Canadian Family Law Quarterly*, 26(3), 285-312.
- Smyth, B. (2004). Parent-child contact (shedules) after divorce. *Family Matters*, 69,32-43.
- Smyth, B. Og Weston, R. (2004). The attitudes of separated mothers and fathers to 50/50 shared care. *Family Matters*, 67, 8-15.
- Sólveig Sigurðardóttir. (2009). *Jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað*. MA-ritgerð, óbirt handrit: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Statens offentliga utredningar .(2005). *Barnets bästa, föräldrars ansvar*. Stockholm, sótt 10. Apríl 2011 af <http://www.regeringen.se/content/1/c6/04/55/64/616cf651.pdf>.
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993*
- Wendt, S., Campbell, E., McInnes, E. (2010). The effect of family violence on post-separation parenting arrangements. *Family Matters*, 86, 49-61.
- Þyrí Halla Steingrímisdóttir. (2004). Það sem barninu er fyrir bestu. *Úlfjótur*, 57(2),173-200.

